

VINNUFERLI VIÐ MINNA ALVARLEG BROT

Ef starfsmaður verður vitni af því að nemandi brýtur skólareglu þarf hann að vinna samkvæmt neðangreindu ferli.

Hefur nemandi verið kennd viðeigandi hegðun og hann æft hana, verið minntur á hana og fengið val um lagfæra hegðunina eða fá stoppmiða?


Nei

Viðeigandi hegðun kennd, æfð og eða rifjuð upp með nemandanum. Hann hvattur til að forðast slíka hegðun í framtíðinni. Ef hann sýnir bættu hegðun þá er honum **hrósað** og málið er úr sögunni.


Já

Reglan yfirfarin á meðan athugasemdir eru skráðar á **stoppmiða**. Nemandi gerð grein fyrir afleiðingum ef hegðunin verður endurtekin.



Stoppmiði afhentur ritara og umsjónarkennari látinn vita. Ritari skráir í mentor og safnar miðunum í möppu eða að umsjónarkennari fær **stoppmiðann** og skráir í mentor.



Eftir 3 stoppmiða á hvoru agatímabili

Umsjónarkennari tekur á málinu og hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 3 stoppmiða (strax ef nauðsyn krefur, sjá alvarleg brot).



Eftir 5 stoppmiða á hvoru agatímabili

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 5 stoppmiða (strax ef nauðsyn krefur) og boðar þá á **fund** þar sem leita skal lausna til úrbóta.



Málið yfirfarið (með öðrum fundi, tölvupósti eða símtali) eftir viku.

VINNUFERLI VIÐ MJÖG ALVARLEG BROT

Ef starfsmaður verður vitni af því að nemandi brýtur alvarlega af sér þarf hann að vinna samkvæmt neðangreindu ferli.

Starfsmaður tekur strax á málinu, gefur **stoppmiða** og fer með nemanda til umsjónarkennara eða skólastjórnenda.



Umsjónarkennari hefur **samband við foreldra**, lausn fundin til úrbóta og frekari afleiðingar ákveðnar.



Stoppmiðinn afhentur umsjónarkennara sem skráir hann í mentor. Umsjónarkennari fer með miðann til ritara sem setur hann í möppu.

**Eftir 3 stoppmiða á hvoru agatímabili**

Umsjónarkennari tekur á málinu og hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 3 stoppmiða.

**Eftir 5 stoppmiða á hvoru agatímabili**

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 5 stoppmiða (strax ef nauðsyn krefur) og boðar þá á **fund** þar sem leita skal lausna til úrbóta.



Málið yfirfarið (með öðrum fundi, tölvupósti eða símtali) eftir viku.